

4AT prófið: Skimar eftir óráði og vitrænni skerðingu.

Nafn sjúklings:

Kennitala:

Dagsetning:

Klukkan:

Nafn þess er framkvæmir prófið:

1) Vökuástand:

Tekur til sjúklings sem geta verið mjög syfjulegir (sem er t.d. erfitt að vekja og/eða eru greinilega syfjaðir á meðan á matinu stendur) eða eru órólegir/ofvirkir. Fylgstu með sjúklingnum. Ef hann er sofandi, reyndu þá að vekja hann með ávarpi eða létttri snertingu á öxl. Spyrðu að nafni og heimilisfangi til að hjálpa við matið.

Eðlilegt vökuástand (vel vakandi, en ekki órólegur í viðtali)	0
Dálítill syfja í minna en 10 sek. eftir að vaknar, síðan vel vakandi	0
Greinilega óeðlilegt vökuástand	4

2) AMT4:

Aldur, fæðingardagur, staður (nafn sjúkrahúss/stofnunar/byggingar), ár.

Allt rétt	0
Eitt atriði rangt	1
Tvö eða fleiri atriði röng/ ekki hægt að prófa	2

3) Athygli:

Spyrðu sjúklinginn: "Geturðu talið upp mánuði ársins í öfugri röð og byrjað á desember?"

Til að aðstoða við skilning má einungis segja einu sinni: "Hvaða mánuður er á undan desember?"

Mánuðir í öfugri röð: Telur upp 7 mánuði á réttan hátt	0
Byrjar, en telur upp < 7 mánuði / neitar að byrja	1
Óprófanlegur (getur ekki byrjað vegna vanlíðunar, syfju, athyglisbrests)	2

4) Skyndileg breyting eða sveiflukenndur gangur:

Vísbendingar um marktæka breytingu eða sveiflu á: vökuástandi, hugsun eða annarri vitrænni starfsemi (t.d. ofsóknarkennd, ofskynjanir) sem hófust síðustu 2 vikurnar og eru enn til staðar síðustu 24 klst.

Nei	0
Já	4

4 eða yfir: Mögulega óráð +/- vitræn skerðing. 1-3: Mögul. vitræn skerðing
0: óráð eða vitræn skerðing ólíkleg (mögulega þó óráð ef vantar upplýs. um 4))

4AT samtals stig:

Leiðbeiningar:

Upplýsingar á veraldarvef: www.the4AT.com

4AT er skimpróf, hannað sem fljótlegt og næmt fyrsta mat á vitrænni skerðingu og óráði. Fjögur eða fleiri stig eru vísbending um óráð en nægja ekki til greiningar, til þess gæti þurft frekara mat á vitrænni getu. Eitt til þrjú stig er vísbending um vitræna skerðingu en þá þarf ítarlegra mat á vitrænni getu og upplýsingar frá aðstandanda. Atriði 1) -3) eru metin eingöngu með skoðun og viðtali. Um atriði 4) þarf að leita upplýsinga frá einni eða fleiri heimild, t.d. sjúklingi, öðru heilbrigðisstarfsfólki t.d. hjúkrunarfræðingum, úr sjúkraskrá, frá heimilislækni eða aðstandendum. Prófandi ætti að hafa í huga mögulega tjáningarerfiðleika (heyrnarskerðingu, málstol, tungumálaerfiðleika) við mat sjúklings og við stigagjöf. Vökuástand: Þegar breyting verður á vökuástandi eða árvekni innliggjandi sjúklings er mjög líklegt að hún stafi af óráði. Ef marktæk breyting er á vökuástandi á meðan á matinu stendur, þá á að gefa 4 stig fyrir þennan lið. AMT4 ("stutt mat á vitrænni getu" eða "abbreviated mental test-4"): Þessi stig er hægt að taka beint úr fullu "AMT" ef búið er að gera það skömmu áður. Skyndileg breyting eða sveiflukenndur gangur: Einkenni heilabilunar geta í sumum tilfellum verið sveiflukennd þó að óráð sé ekki til staðar, en áberandi sveiflukenndur gangur bendir venjulega til óráðs. Til að hjálpa við að fá fram hvort sjúklingur hafi ofskynjanir og/eða ofsóknarhugmyndir þá má spyrja, t.d.: "Ertu hrædd/hræddur um að eitthvað vafasamt sé í gangi hérna?", "Ertu hrædd/hræddur við eitthvað/ einhvern?", "Hefurðu séð eða heyrt eitthvað óvenjulegt?". Á almennum sjúkrahúsdeildum (m.a. lyflækninga-og skurðlækningadeildum) eru geðrofseinkenni í sjúklingum oftast til marks um óráð fremur en geðsjúkdom (s.s. geðklofa).